



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr.: R 11100296  
Skiptingarsafn Ráðhúss  
02. okt. 2014  
Úrskottsnúmer: 210

Reykjavík, 30. september 2014  
USK2014090047

Borgarráð  
Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn um stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri.**


Umhverfis- og skipulagssvið fagnar því að unnin hafi verið stefna í málefnum ungs fólks og vonar að stefnan komi til með að vera til hagsbóta fyrir ungt og fólk og um leið borgina alla. Stefnan er í ágætu samræmi við áherslur og verkefni umhverfis- og skipulagssviðs. Umhverfis- og skipulagssvið gerir því engar efnislegar athugasemdir við uppbyggingu stefnunnar en bendir á eftirtalin atriði:

Í kaflanum Sjálfsmynd, heilsa og vellíðan er fjallað um mikilvægi líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar vellíðunar. Í kaflanum um Húsnæði, samgöngur og velferð ungs fólks er svo fjallað um ýmsa þá þjónustu sem Reykjavíkurborgin veitir og getur gert borgina að eftirsóknarverðum búsetukosti. Í báðum þessum köflum færi vel á því að vísa til Aðalskipulags 2010-2030 (<http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur>) og tengja umfjöllunina við stefnumörkun og markmið borgarinnar í málaflokkunum sem þar birtist. Aðalskipulagið felur í sér eldri stefnuskjöl og því betra að vísa til þess (fremur en Hjólaborgarinnar Reykjavíkur og húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar).

Í Aðalskipulaginu er lýst vilja borgarinnar til að styrkja hlutverk sitt sem græna borg sem í senn stuðlar að bættari lýðheilsu og er aflvaki góðs borgarlífs. Að þessu má meðal annars vinna með góðu aðgangi að fjölbreyttum náttúrusvæðum til útivistar og afþreyingar, virkum og vistvænum samgöngumátum, bættum umhverfisgæðum og aðgangi að hollum og ferskum matvælum. Ítarlega er fjallað um stefnumörkun borgarinnar í þessum málaflokkum í kaflanum Græna borgin.

Í kaflanum Borg fyrir fólk í Aðalskipulaginu er jafnframt fjallað um stefnu borgarinnar í húsnæðismálum þar sem fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta fyrir alla félagshópa er eitt meginmarkmiðanna. Sjálfbærari, mannvænni og fjölbreyttari hverfi auk gæða borgarumhverfis eru lykilmætti í því að gera borgina að vænlegum búsetukosti fyrir ungt fólk sem aðra.

Að öðru leyti gerir umhverfis- og skipulagssvið engar athugasemdir við stefnuna sem er í senn yfirgripsmikil og greinargóð en tekur að lokum undir mikilvægi samráðs um þá þætti sem ganga þvert á starfsemi borgarinnar.

  
Ólafur Örnvassdóttir  
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs